

Greið Leið ehf.  
Pétur Þór Jónasson  
Strandgata 29  
600 Akureyri

**2006010074**  
6601; 6612; 9310

Reykjavík, 20. september 2006  
/--

**Efni: Jarðgöng undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit.  
Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Greiðrar leiðar ehf. dags. 16. júní 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð jarðganga undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Svalbarðsstrandarhrepps, Þingeyjarsveitar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Svalbarðsstrandarhreppi með bréfi dags. 26. júní 2006, Þingeyjarsveit með bréfi dags. 4. júlí 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 5. júlí 2006, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 5. júlí 2006, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 3. júlí og 6. september 2006 og Vegagerðinni með bréfi dags. 22. júní 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Greiðri leið ehf. með bréfum dags. 6. og 7. júlí, 31. ágúst og 18. september 2006.

## **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA**

### **Fyrirhuguð framkvæmd**

**Göng og vegir.** Um er að ræða gerð vegganga undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit og mun Þjóðvegur 1 (Hringvegurinn) liggja um þau í stað þess að fara um Víkurskarð. Megintilgangur framkvæmdarinnar er að bæta vegasamband, stytta vegalengdir og ferðatíma og auka umferðaröryggi. Með tilkomu ganganna mun Hringvegurinn stytast um 16 km. Heildarlengd ganganna verður um 7,4 km en heildarlengd vegganga og nýrra vega verður alls um 8,3 km, auk endurbyggingar og styrkingar á eldri vegum. Fram kemur í framlögðum gögnum Greiðrar leiðar ehf. að framkvæmdin verði á vegum einkaaðila og verði veggjald innheimt af vegfarendum sem koma til með að nýta sér göngin. Vegagerðin hafi látið forhanna vegtengingar við báða gangamunna og gert sé ráð fyrir að öll vegagerð utan gangamunna verði á

hendi Vegagerðarinnar. Að vestan muni um 0,5 km langur nýr vegur liggja frá gangamunna að núverandi Hringvegi ofan Halllandsness auk þess sem breytingar verði á vegamótum. Landsvæði sem fari undir nýja eða breytta vegi á þessu svæði verði um 6,0 ha en þar af megi líta svo á að um nýja landnotkun verði að ræða á 2,4 ha svæði. Fram kemur að í Fnjóskadal muni vegur liggja frá gangamunna við Skóga til norðurs inn á núverandi Illugastaðaveg með nýrri 0,4 km langri vegtengingu en alls verði aukin landnotkun í Fnjóskadal vegna breyttra vega eftir gerð Vaðlaheiðarganga 8,8 ha. Fram kemur að fyrirhugaður gangamunni að vestan verði í 61 m h.y.s í landi Halllands á Svalbarðsströnd, um 50 metrum til hliðar við núverandi Hringveg en að austan verði gangamunni í um 160 m h.y.s í landi Skóga í Fnjóskadal. Veggöngin verða tvíbreið með nokkrum neyðarútskotum, um 8,6 m í þvermál og 7,5 m breið í gólfhæð með 6,6 m breiðri akbraut.

**Efnislosun og efnisþörf.** Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áætluð efnisþörf í vegi sé um 280.000 m<sup>3</sup> og þar af verði 100.000 m<sup>3</sup> teknir úr skeringum, einkum í Fnjóskadal. Áætlað sé að um 620.000 m<sup>3</sup> af lausu efni muni falla til við jarðgangagerðina, um 200.000 m<sup>3</sup> að austan og um 420.000 m<sup>3</sup> að vestan. Gert sé ráð fyrir að allt efni úr göngunum, sem falli til austan megin, verði nýtt í vegfyllingar og vegfláa. Vestan megin muni um 220.000 m<sup>3</sup> af efni úr göngunum nýtast í vegfyllingar, vegfláa og vegkverkar en um 200.000 m<sup>3</sup> efnis þurfi að haugsetja eða nýta á annan hátt. Skoðað hafi verið hvort allt að 170.000 m<sup>3</sup> af umframefni að vestan geti nýst sem fyllingarefni í fyrirhugaða lengingu Akureyrarflugvallar og 30 – 40.000 m<sup>3</sup> í fyllingu meðfram Drottningarbraut á Akureyri. Verði ekki unnt að nýta efnið til þeirra framkvæmda hafi verið skoðaðir nokkrir staðir til haugsetningar og muni val haugsetningarsvæða fara fram í samráði við Vegagerðina, eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar og landeigendur. Fram kemur að flest bendi til að mikil eftirspurn verði eftir efninu og því verði væntanlega ekki um langtíma geymslu þess að ræða.

**Frágangur.** Fram kemur að reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi umfram það sem leiðir af efnisfyllingum undir vegtengingar. Við uppgræðslu verði farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verði í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Frágangur verði í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar og verði girðingum raskað verði þær endurnýjaðar í samráði við landeigendur.

### **Áhrif á samgöngur**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á þjónustu- og atvinnusókn milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu og verði mikil samgöngubót, einkum að vetrarlagi.

### **Áhrif á landnotkun**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdatíma muni staðbundin hljóð- og loftmengun á svæðinu aukast vegna umferðar stórra vinnuvéla. Þessara áhrifa muni gæta við sumarhús vestan megin og gamla íbúðarhúsið að Skógum í Fnjóskadal. Fram kemur að landeigendum verði greiddar bætur fyrir það land utan núverandi vegsvæðis sem lendi undir ganga- og vegaframkvæmdum. Áhersla verði lögð á að raska hvergi landi utan við vegsvæðið og verði allur akstur tækja bannaður utan þess á verk tíma, nema að vinnubúðum og að haugstæði.

Fram kemur í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila að athugasemdir hafi borist frá

eigendum sumarhúss sem sé í um 50 m fjarlægð frá núverandi þjóðvegi 1 í landi Halllands á Svalbarðsströnd. Sumarhúsið verði í innan við 50 m fjarlægð frá fyrirhuguðu gjaldtökusvæði við gangamunnann og umferð vinnuvéla muni gera það að verkum að óbúandi verði í sumarhúsinu á framkvæmdatíma. Framkvæmdaraðili greinir frá því að láðst hafi að hafa samráð við athugasemjendur en gert hafi verið ráð fyrir að sumarhúsið komi til frekari umræðu þegar kemur að formlegum samningum í tengslum við framkvæmdina. Af hálfu Greiðrar leiðar hafi ekki verið dregið úr því að framkvæmdunum muni fylgja bæði hávaði og ryk í næsta nágrenni.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að hafa verði í huga að jarðgangagerðin geti dregið úr vatnsgæfni núverandi vatnsbóla við Hallland. Talið sé að bregðast megi við hugsanlega minnkandi vatnsrennsli úr vatnsbólunum með borholum og/eða virkjun vatns úr jarðgöngunum. Líklegt megi telja að vatnsból fyrir Skóga skerðist við gerð ganganna en bregðast megi við því með því að bora í brekkuna og ná strax vatni í staðinn þannig að ekki komi til vatnsskorts.

### **Áhrif á landslag og menningarminjar**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að þó að landslagi hafi þegar verið raskað nokkuð með núverandi vegi megi reikna með að framkvæmdin hafi nokkur áhrif á landslagið í námunda við gangamunna, einkum vegna fyllinga undir nýjar vegtengingar. Gengið verði þannig frá vegsvæði að það falli vel að landi.

Fram kemur að greinilegar húsatóftir séu innan framkvæmdasvæðis við Skóga í Fnjóskadal. Minjavörður telji að fleiri minjar kunni að leynast á framkvæmdasvæðinu og sé því þörf á að fram fari frekari könnun á svæðinu með uppgreftri áður en hafist verði handa um framkvæmdir.

### **Samræmi við skipulagsáætlanir**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998 – 2018 nái yfir öll sveitarfélögin í Eyjafirði og þann hluta Þingeyjarsveitar sem áður hafi verið Hálshreppur. Eitt af meginmarkmiðum svæðisskipulagsins sé að jarðgöng verði gerð undir Vaðlaheiði ásamt nauðsynlegum vegtengingum. Áætluð lega þeirra sé sýnd á landnotkunarupprætti og falli endanleg lega ganganna nær alveg að þeirri legu sem þar sé sýnd. Fram kemur að nýhafin sé vinna við aðalskipulag Þingeyjarsveitar sem áformað sé að verði tilbúið á miðju ári 2007. Þar verði Vaðlaheiðargöng ásamt vegtengingum sýnd í samræmi við þá tillögu sem kynnt sé í greinargerð. Þá sé unnið að endurskoðun Aðalskipulags Svalbarðsstrandarhrepps 1998 – 2014 þar sem gerð verði grein fyrir Vaðlaheiðargöngum.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt.** Í umsögnum Svalbarðsstrandarhrepps, Þingeyjarsveitar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar kemur fram það álit að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Áhrif á landslag.** Í fyrri umsögn Umhverfisstofnunar taldi stofnunin að gera þyrfti frekari grein fyrir landmótun vegna skeringa sem og staðsetningu og útliti hauga. Huga þyrfti að haugsetningu til frambúðar á ónothæfu efni og haugsetningu til skemmri tíma á nothæfu efni þar sem svigrúm verði til að vinna og lagera efni.

Í svörum framkvæmdaraðila kom fram varðandi landmótun efnis úr göngunum að lögð yrði áhersla á að móta hóla og hæðir þannig að vel falli að landi. Lakasta efninu verði öllu komið fyrir varanlega í vegfyllingum og verði sérstaklega lögð áhersla á að rúnna af kverkar vegtenginga sem sé mjög mikilvægt þar sem fyllingar séu háar. Fram kemur að varðandi haugsetningu um 200.000 m<sup>3</sup> efnis úr göngunum að vestan, sem nýtist ekki við veglagningu og frágang vegtenginga, sé mögulegur geymslustaður til skamms tíma fyrir allt að 100.000 m<sup>3</sup> á túninu við Halllandsnes. Mögulegt sé að haugsetja 50.000 m<sup>3</sup> af efni tímabundið sunnan við Leiruveg á og við svæði þar sem fram fari talsverð efnistaka í dag, hægt sé að koma þar fyrir mun meira efni. Auk auðveldrar aðkomu sé kostur staðarins einkum sá að auðvelt verði að hreinsa efnið upp þannig að engin ummerki sjáist. Fram kemur að endanleg formun hauga muni fyrst og síðast ráðast af magni þess efnis sem þurfi að haugsetja. Landmótun verði í samráði við Vegagerðina og landslagsarkitekt og tillögur áður bornar undir Umhverfisstofnun.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kom fram að m.t.t. svara framkvæmdaraðila telji stofnunin ekki líklegt að framkvæmdir við gerð Vaðlaheiðarganga muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

**Áhrif á menningarminjar.** Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að eins og fram komi í viðauka með kynningarskýrslu séu tilteknar aðgerðir nauðsynlegar til verndar fornleifum á framkvæmdasvæði við Skóga í Fnjóskadal. Fara þurfi fram fornleifaskráning á því svæði sem hætta sé á að raskist vegna framkvæmdanna, gera könnunarholur innan túns að Skógum til að kanna hvort fornleifar leynist þar undir yfirborðinu og rannsaka hugsanlegar fornleifar áður en hægt verði að hefja framkvæmdir. Loks þurfi að merkja og girða með áberandi hætti þær fornleifar sem kunni að vera í hættu vegna framkvæmdanna, s.s. vegna umferðar vinnuvéla. Fram kemur að af því gefnu að framkvæmdaraðili fylgi ofangreindum tilmælum telji Fornleifavernd ríkisins ekki þörf á að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í samræmi við ábendingar Fornleifaverndar ríkisins muni framkvæmdaraðili leita til fornleifafræðings um að skrá og mæla upp fornleifar við Skóga. Ef í ljós komi við skráningu að fornleifar séu á gangaleiðinni verði þær rannsakaðar með uppgreftri. Þær minjar sem kunni að finnast verði merktar og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til að þeim verði ekki raskað.

**Áhrif á samgöngur og landnotkun.** Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd verði veruleg samgöngubót fyrir þá sem ferðist um Hringveginn austan Akureyrar, einkum að vetrarlagi.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra bendir á að leiða þurfi fráveituvatn, sem ekki verði veitt um fráveitur til sjávar, í rotþró og siturlögn. Þá er bent á að mikilvægt sé að lágmarka hættu á að vatnsból spillist og sjá jafnframt fyrir hvernig brugðist verði við ef vatnsból þrjóti eða spillist. Jafnframt er vakin athygli á því að ef rökstuddar vísbendingar um mengun umhverfis komi fram geti heilbrigðisnefnd krafið framkvæmdaraðila um vöktun vegna áhrifa framkvæmdarinnar á tiltekna umhverfisþætti, s.s. vegna hávaða, ryks og mengunar í jarðvegi og vatni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að haft verði fullt samráð við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra um þau atriði sem vakin sé athygli á í umsögninni.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð um 7,5 km langra vegganga undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit, nýlagningu vegtenginga og breytingar á núverandi vegum. Við framkvæmdina falla til um 620.000 m<sup>3</sup> af efni úr göngunum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Áhrif á landslag.** Fyrir liggur að talsvert efnismagn mun falla til við gerð jarðganga undir Vaðlaheiði bæði í Fnjóskadal og á Svalbarðsströnd og að efnið muni nýtast að stórum hluta í tengslum við veglagningu og frágang vegtenginga bæði í Fnjóskadal og á Svalbarðsströnd. Um 200.000 m<sup>3</sup> af umframefni þarf þó að haugsetja til lengri eða skemmri tíma vestan ganganna, en ekki liggur fyrir hversu mikið efni þarf að haugsetja til lengri tíma. Að mati Skipulagsstofnunar er ljóst að ef haugsetja þarf mikið magn efnis til frambúðar vestan við göngin verða óhjákvæmilega nokkrar ásýndarbreytingar á svæðinu samfara slíkum aðgerðum. Jafnframt telur stofnunin að nokkuð neikvæð ásýndarbreyting verði á svæðinu beggja vegna Vaðlaheiðar, vegna gangamunna, skeringa og umfangsmikilla fyllinga. Á það einkum við að austan þar sem ummerki vegna mannvirkjagerðar eru minni en vestan megin. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er nokkuð fjallað um frágang og landmótun og vísað til þess að í útboðsgögnum verði gerð nánari grein fyrir hvernig frágangi og landmótun verði hagað. Skipulagsstofnun telur að þær hugmyndir um landmótun og frágang, sem kynntar eru í kynningarskýrslu og svörum framkvæmdaraðila, séu til þess fallnar að draga úr ásýndarbreytingum hauga, skeringa og fyllinga. Stofnunin leggur þó áherslu á mikilvægi samráðs við Umhverfisstofnun, Vegagerðina og landeigendur við frágang og landmótun.

**Áhrif á menningarminjar.** Fyrir liggur að líklegt sé að fornleifar verði í hættu innan framkvæmdasvæðis í Fnjóskadal. Fornleifavernd ríkisins hefur lagt fram tillögur um skráningu fornleifa, rannsókn þeirra og merkingar sem nauðsynlegar eru áður en hafist verði handa um framkvæmdir. Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarminjar verði ekki veruleg að því gefnu að framkvæmdaraðili fari að tilmælum Fornleifaverndarinnar, eins og hann hefur lýst sig reiðubúinn til í svörum sínum.

**Áhrif á landnotkun.** Fyrir liggur að landareignir munu skerðast beggja vegna gangamunnanna og að framkvæmdaraðili mun greiða landeigendum bætur fyrir það land sem raskast. Skipulagsstofnun telur að á framkvæmdatíma verði óhjákvæmilega talsvert ónæði fyrir dvalargesti í sumarhúsum í grennd við framkvæmdasvæðið, vestan gangnamunnans. Skipulagsstofnun telur eðlilegt að framkvæmdaraðili geri ráðstafanir, í samráði við eigendur sumarhúsa, sem miði að því að draga sem mest úr ónæði á framkvæmdatíma.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir komi til með að hafa jákvæð áhrif á samgöngur, einkum að vetrarlagi, þar sem göngin bjóða upp á annan valkost fyrir vegfarendur en fjallveg um Víkurskarð. Skipulagsstofnun telur, miðað við upplýsingar í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila, að ekki sé hætta á mengun vatnsbóla vegna framkvæmdanna en bendir á nauðsyn þess að fylgst verði með því, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, hvort framkvæmdirnar komi til með að hafa áhrif á vatnsgæfni vatnsbóla. Grípa þarf til þeirra ráðstafana sem kynntar eru í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila ef hætta er á að verulega dragi úr vatnsgæfni bólanna.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að jarðgöng undir Vaðlaheiði í Svalbarðsstrandarhreppi og Þingeyjarsveit séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Svalbarðsstrandarhrepps og Þingeyjarsveitar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur haft í för með sér mengun. Jarðgöngin eru í samræmi við gildandi Svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018. Göngin eru ekki í samræmi við Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1998 – 2014 og þarf að gera breytingu á því áður en framkvæmdaleyfi er veitt. Ekkert aðalskipulag er í gildi í Þingeyjarsveit og þarf sveitarstjórn Þingeyjarsveitar að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 23. október 2006.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Svalbarðsstrandarhreppur, Þingeyjarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnuna og Vegagerðin.